

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um þróun frítekjumarks barna og almenns frítekjumarks.

1. Hver hefur þróun fjárhæðar frítekjumarks barna yngri en 16 ára verið síðan 2007? Svarið óskast sundurliðað eftir árum og eftir því um hvaða frítekjumark er að ræða, þ.e. vegna tekna, vaxtatekna o.s.frv.

Fjárhæð frítekjumarks barna yngri en 16 ára hefur ekki breyst frá árinu 2007. Einstaklingar undir 16 ára aldri greiða ekki tekjuskatt og útsvar af fyrstu 100.745 kr. af launatekjum sínum. Eftir það borga þeir 6% skatt (4% tekjuskatt og 2% útsvar).

2. Hversu mikið hefur fjárhæð almenns frítekjumarks hækkað á sama tíma? Svarið óskast sundurliðað á sama hátt og áður.

Almennt frítekjumark					
Ár	Staðgreiðslu- hlutfall	Tekjuskattur	Persónu- afsláttur	Skattleysis- mörk	Skattleysis- mörk ríkisins
2007	35,72%	22,8%	32.150	90.006	141.319
2008	35,72%	22,8%	34.034	95.280	149.600
2009	37,20%	24,1%	44.205	118.831	183.423
2010	37,22%	24,1%	44.205	118.767	183.423
2011	37,31%	22,9%	44.205	118.480	193.035
2012	37,34%	22,9%	46.532	124.617	203.197

Frítekjumarkið er samspil persónuafsláttar og staðgreiðsluhlutfalls. Taflan sýnir skattleysismörk gagnvart skattgreiðanda. Ríkissjóður ábyrgist útsvar til sveitarfélaga af öllum tekjum og því er kostnaður hans, vegna þeirra sem hafa lægri tekjur en skattleysismörk, jafnt og útsvarshlutfall af tekjum.

Við skattleysismörkin byrja einstaklingar að greiða útsvar sitt sjálfir en ríkissjóður fær ekki tekjur fyrr en hann greiðir allt útsvarið sjálfur.

3. Hversu mikið hafa vísitölur hækkað á þessum tíma, sundurliðað eftir árum?
Í svarinu er reiknað með vísitölu neysluverðs.

Árshækkun %, meðaltal ársins		
	Vísitala neysluverðs	Vísitala neysluverðs án húsnæðis
2006	6,8	4,8
2007	5,0	2,5
2008	12,4	12,2
2009	12,0	16,1
2010	5,4	7,5
2011	4,0	3,8
Heimild: Hagstofa Íslands.		